

Fundargerð 519

Föstudaginn 24. febrúar 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Karlsdóttir (HKH), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Óli Halldórsson (ÓH). Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Björgvin Ingi Ólafsson (BIÓ) frá Deloitte (við dagskrárlið 9), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursson (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Súsanna Björg Fróðadóttir (SBF) lögfræðingur á lögfræðisviði (við dagskrárliði 1-3), Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaðu setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð fundar 518 - til afgreiðslu
2. Skýrsla ábyrgðarmanns peningabættis - til kynningar
3. Skýrsla persónuverndarfulltrúa - til kynningar
4. Lánamál
 - a) Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
 - b) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
6. Ný mælaborð Byggðastofnunar - til kynningar
7. Byggðamálaráðstefna Byggðastofnunar - til kynningar
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Stefnumótun Byggðastofnunar - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð fundar 518 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 518. Formaður sagði frá minniháttar breytingum sem urðu á fundargerðinni frá því fundarritari sendi hana út.

Formaður bar fundargerðina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða og verður send út til rafrænnar undirritunar.

2. Skýrsla ábyrgðarmanns peningabættis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað ábyrgðarmanns Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna ársins 2022 sem HÁ kynnti.

3. Skýrsla persónuverndarfulltrúa – til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá persónuverndarfulltrúa Byggðastofnunar vegna ársins 2022 sem SBF kynnti.

Til máls tóku ÓH, MBJ og HKH.

SBF vék af fundi.

4. Lánamál

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir ákvarðanir lánanefndar Byggðastofnunar frá áramótum sem HP kynnti.

a. ...

b. *Fundargerðir lánanefndar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 3/23 – 7/23 sem HP kynnti.

Til máls tóku ÓH og HÁ.

...

5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs til stjórnar sem HP kynnti.

Út frá útgefnum vaxtatöflum bankanna og viðræðum sérfræðinga fyrirtækjasviðs við viðskiptavinum er stofnunin samkeppnishæf hvað varðar vaxtakjör þó erfitt sé að lesa í vaxtatöflum bankanna. Rekstrarniðurstaða Byggðastofnunar sveiflast nokkuð á milli ára og rekstrarhagnaður, sem eykur eigið fé hennar, gefur færi á að mæta þeim sveiflum auk þess sem að slíkt eykur útlánagetu hennar. Seðlabanki Íslands telur að hagkerfið þurfi á frekara aðhaldi til að ná niður verðbólgu og hefur því hækkað stýrivexti sína 11 sinnum í röð í tilraun til þess að minnka eftirspurn í lánsfé og draga úr neyslu.

Lagt er til að vextir Byggðastofnunar haldist óbreyttir.

Til máls tóku MBJ, HKH, KB, ÓH, GP, JBÓ og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Ný mælaborð Byggðastofnunar - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum lið og kynnti nýtt mælaborð Byggðastofnunar um íbúa eftir ríkisfangi.

Til máls tóku GP, ÓH, MBJ, SEP, MaH, KB og JBÓ.

Rætt um kynningu á mælaborðunum og sagði ÞS frá útgefnum og væntanlegum mælaborðum.

ÞS vék af fundi.

7. Byggðamálaráðstefna Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs til stjórnar sem SEP kynnti.

Byggðaráðstefnan 2023 verður haldin í Reykjanesbæ fimmtudaginn 2. nóvember í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Umfjöllunarefnið er hugtakið „búsetufrelsi“ og grunnur að nálgun viðfangsefnis er nýtkomin rannsókn á vegum Byggðastofnunar, Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi.

Til máls tóku MaH, KB, GP, MBJ og JBÓ.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framkvæmd starfsáætlunar sem SEP, HÁ, HP og AME fóru yfir.

Til máls tóku ÓH, GP, MBJ og KB.

Formaður gerði hlé kl. 11:13 og var fundur aftur settur kl. 11:19.

9. Stefnumótun Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra til stjórnar þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og næstu skref.

BIÓ kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir stöðuna á stefnumótunarvinnunni. Ákveðið var að senda stjórnarmönnum spurningar fyrir næsta stjórnarfund og vinna svo frekar með þær á fundinum.

Til máls tóku MaH, ÓH, AME, MBJ, GÐ og HKH.

BIÓ vék af fundi

10. Önnur mál

MH vék af fundi og tók HP að sér ritun fundargerðar.

HKH spurði út í jöfnun á flugvélaeldsneyti á millilandaflugvöllum á Íslandi. AME greindi frá því að vinna við úttekt á jöfnuninni að beiðni innviðaráðherra væri á lokametrunum.

JBÓ upplýsti að hún viki úr stjórn og varamaður hennar tæki sæti fram að ársfundi. Hún þakkaði fyrir samstarfið. MBJ þakkaði JBÓ fyrir samstarfið fyrir hönd stjórnar.

11. Næsti fundur

Næsti fundur er 24. mars nk. á Borgarfirði eystri. Fyrirhuguð er kynning á brothættum byggðum að loknum stjórnarfundum ásamt byggðamálaráði.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:15

Magnús Helgason og Hrunn Pétursdóttir fundarritarar.

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson